

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 188/2019**

2019/EES/73/02

frá 10. júlí 2019

**um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/979 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lykilupplýsingar í samantekinni lýsingu, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar á verðbréfum, viðbætur við lýsingu og tilkynningagáttina og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 382/2014 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/301 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar sniðmát, innihald, grannskoðun og samþykki lýsingar sem birta skal við útboð verðbréfa á almennum markaði eða þegar þau eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 <sup>(2)</sup>.
- 3) Framseld reglugerð (ESB) 2019/979 fellir úr gildi framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 382/2014 <sup>(3)</sup> og (ESB) nr. 2016/301 <sup>(4)</sup>, sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr EES-samningnum frá og með 21. júlí 2019.
- 4) Framseld reglugerð (ESB) 2019/980 fellir úr gildi reglugerð (EB) nr. 809/2004 <sup>(5)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 21. júlí 2019.
- 5) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

1. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 29bd (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„29bda. **32019 R 0979**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/979 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lykilupplýsingar í samantekinni lýsingu, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar á verðbréfum, viðbætur við lýsingu og tilkynningagáttina og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 382/2014 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/301 (Stjttíð. ESB L 166, 21.6.2019, bls. 1).

29bdb. **32019 R 0980**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar sniðmát, innihald, grannskoðun og samþykki lýsingar sem birta skal við útboð verðbréfa á almennum markaði eða þegar þau eru tekin til viðskipta á skipulegum

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 166, 21.6.2019, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 166, 21.6.2019, bls. 26.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. ESB L 111, 15.4.2014, bls. 36.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. ESB L 58, 4.3.2016, bls. 13.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. ESB L 149, 30.4.2004, bls. 1.

verðbréfamarkaði og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 (Stjtið. ESB L 166, 21.6.2019, bls. 26).“

2. Texti liðar 29ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004), liðar 29bb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 382/2014) og liðar 29bc (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/301) í IX. viðauka við EES-samninginn fellur brott frá og með 21. júlí 2019:

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2019/979 og (ESB) 2019/980, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júlí 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júlí 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gunnar Pálsson**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.